

Nr. 22 -081 S 057 Elli P SU 206**Rafmagnsbilun**

Skipaskr.nr. 2673
Útgerð: Gullrún ehf.
Smíðaður: Mótun, 2006, trefjaplast.
Stærð: 15 BT
Mesta lengd: 12,69 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,51 m
Vél: Cummins, 302,4 kW, 2006.
Fjöldi skipverja: 3

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. október 2022 var Elli P SU á siglingu út af Berufirði. Veður: SV 5 m/s og sléttur sjór.

Elli P féll úr vöktun Vakstöðvar siglingar og svaraði ekki uppkalli á VHF. Í ljós kom að báturinn var rafmagnslaus. Búið var að setja út akkeri eina sjómílu austur af Skorbeini út af Djúpavogi. Þjónustubáturinn Bessi dró bátinn til hafnar á Djúpavogi.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram að:

- Á siglingunni fór vélin að kúpla sér út og stöðvaði skipstjórinn hana.
- Við skoðun kom í ljós að drifreim á rafala (alternator) var slitin og rafgeymar höfðu tæmst.
- Stjórntökin fyrir vélina voru rafdrifin.
- Ekki var hægt að gangsetja vélina vegna rafmagnsleysis.
- Skipstjórinn taldi að drifreimin hefði slitnað við gangsetningu vélarinnar í upphafi veiðiferðar.
- Allir rafgeymar voru endurnýjaðir í bátnum eftir atvikið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.